

Ed.

129. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsimakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

Símasamband við Dalatanga er bráðnauðsynlegt, bæði vegna vitans þar og veðurathugana. Vafasamt er, hvort sambandið verður jafnöruggt og nær eins vel tilgangi sínum, ef línan verður lögð frá Brekku í Mjóafirði. Samgöngumálanefnd vill því ekki fallast á þá breytingu að svo stöddu. Að öðru leyti fellst nefndin á efni frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM.

1. Fyrri málsgrein falli burt.
2. Í stað orðanna „Aftan við sömu grein bætist“ i upphafi síðari málsg. komi: Aftan við 4. gr. laganna bætist.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Björn Kristjánsson,
form.

Eiríkur Einarsson,
fundaskrifari.

Páll Hermannsson,
frsm.